

FUNDARBOÐ

**8. fundur Bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 29. desember 2022 og
hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

1. 2212017 - Samningur um rekstur umdæmisráðs

Lögð fram uppfærð drög að samningi vegna umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni sem mun taka til starfa 1. janúar 2023.

2. 2212022 - Hækkun útsvarsálagningar vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk

Lagt fram samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 16.12.2022, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar um 0,22%, þ.e. úr 14,52% í 14,74%, samhliða lækkun tekjuskatts um samsvarandi hlutfall í báðum skattþrepum. Mun ákvörðunin þannig ekki leiða til þess að heildarálögur á íbúa í sveitarfélaginu muni hækka þar sem tekjuskattsálagning lækkar um samsvarandi hlutfall á móti.

3. 2111009 - Styrkumsóknir

Auglýst var eftir styrkumsóknum frá einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við reglur Stykkishólmsbæjar um styrkveitingar frá 9. september til 3. október sl. Alls bárust 8 umsóknir sem lagðar eru fram ásamt tillögu að úthlutun.

4. 2111024 - Lóðarleigusamningur - Hjallatangi 17

Lögð eru fram drög að lóðaleigusamningi við lóðarhafa Hjallatanga 17.

27.12.2022

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.